



89. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 15. júlí, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnáði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fjölskylduhátíðin Matur og menning 2004 - Sigurður Sigurðarson, framkvæmdastjóri mætir.
2. Erindi vegna mótorhjólatorfærukeppni.
3. Erindi frá veitingahúsinu við Árbakkann.
4. Erindi frá mótssjöra Norðurlandamóts 2004.
5. Drög að eignaskiptayfirlýsingu v. Þverbrautar 1.
6. Tilboð í skólamáltíðir fyrir Grunnskólann á Blönduósi.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Fjölskylduhátíðin Matur og menning 2004 - Sigurður Sigurðarson, framkvæmdastjóri mætir.**
Mættur er Sigurður Sigurðarson, framkvæmdastjóri til að kynna stöðu fjölskylduhátíðarinnar og drög að rekstraráætlun hátíðarinnar. Ýmiss gögn lögð fram til kynningar.
2. **Erindi vegna mótorhjólatorfærukeppni.**
Vélahjólaiþróttaklúbburinn sækir um leyfi til að halda "Enduro" vélahjólakeppni laugardaginn 24. júlí nk. Um er að ræða malargryfjunámur í Kleifarhorni ásamt um 4 - 5 hektara lands þar fyrir ofan. Bæjarráð samþykkir erindið svo fremur sem öll önnur tilskilin leyfi liggja fyrir hjá mótshöldurum.
3. **Erindi frá veitingahúsinu við Árbakkann.**
Sótt er um 50 þúsund kr. styrk til að unnt sé að standa straum af kostnaði vegna komu listamanna og meistarakokks í matreiðslu vegna fjölskylduhátíðarinnar "Matur og Menning 2004". Bæjarráð samþykkir erindið
4. **Erindi frá mótssjöra Norðurlandamóts 2004.**
Tveir leikir verða haldnir á Blönduóssvelli í opna Norðurlandamótinu fyrir U21 landsliði kvenna 2004 hinn 25. júlí og 27. júlí nk. Óskað er eftir að Blönduósbær bjóði þátttakendum veitingar eftir leikina. Bæjarráð verður góðfúslega við þeirri beiðni og býður þátttakendur velkomna í sveitarfélagið.
5. **Drög að eignaskiptayfirlýsingu v. Þverbrautar 1.**
Lögð fram drög unnin af Óstækni ehf. vegna eignaskiptasamnings á Þverbraut 1. Vísað til framkvæmda- og veitusviðs.

**6. Tilboð í skólamáltíðir fyrir Grunnskólann á Blönduósi.**

Tvö tilboð bárust vegna skólamáltíða fyrir Grunnskólann á Blönduósi frá KH hf. og Blönduskálanum.

KH hf.	<i>1. - 4. bekkur</i>	<i>5. - 10 bekkur</i>
<i>Verð á matarbakka m.v. færri en 70 á dag</i>	<i>469</i>	<i>489</i>
<i>Verð á matarbakka m.v. fleiri en 70 á dag</i>	<i>429</i>	<i>449</i>

Meðaltal keypra máltíða sé að lágmarki 55.

Blönduskálinn	
<i>Meðalverð á matarbakka yngri og eldri</i>	<i>390</i>
<i>10% afsláttur ef máltíðir fara yfir 100</i>	<i>351</i>

Bæjarráð samþykkir tilboð Blönduskálans á grundvelli hagstæðari verða og vísar efnislegum gögnum vegna tilboðsins til nánari umfjöllunar í fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevnd

7. Önnur mál.

- a. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 12. júlí sl. Samþykkt samhljóða.*
- b. Drög að verksamningi við Jarðfræðistofuna Stapa og Samstarfsnefndar um sorpförgun á Norðurlandi vestra. Bæjarsjóri greindi frá vinnu nefndarinnar og skýrði drög að samningi.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)